



Skipulags- og byggingaráð
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær
Innk: 29/1 2015
Málsnr: 1501115
Brefal: 570

Reykjavík, 27. janúar 2015

Varðar: Forgangsakstur.


Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) berast iðulega erindi frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem kynntar eru og óskað umsagna um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar innan sveitarfélaganna sem draga eiga úr umferðarhraða, s.s. þrengingar tiltekinnar gatna, og geta þannig haft bein áhrif á þá viðbragðsaðila sem stunda forgangsakstur á svæðinu, m.a. vegna lífbjörgunar. Ég vil vekja athygli á nokkrum atriðum sem ég tel mikilvægt að sé gefinn gaumur í þessari umræðu.

Almennt eru þrengingar gatna áhyggjuefni SHS vegna þess hve viðkvæm lífbjörgunarverkefni eru gagnvart töfum. Af þeim ástæðum ber SHS að uppfylla kröfur um útkallstíma sjúkrahla skv. samningi liðsins við Sjúkratryggingar Íslands og viðmið Mannvirkjastofnunar vegna útkalla í slökkvistarf. Sem dæmi um áhrif tafa á sjúkraflutninga má nefna að lífsmöguleikar manneskju í hjartaáfalli minnka um tíu prósent á hverri mínútu sem líður frá áfalli og þar til hægt er að veita henni tilhlýðilega aðhlyningu. Tafir á útkallstíma slökkvibíls á leið í eldsvoða geta haft umtalsverðar afleiðingar þar sem hver mínúta skiptir sköpum við útbreiðslu elds. Væntanleg reglugerð Umhverfisstofnunar um starfsemi slökkviliða fjallar m.a. um hvernig samspili viðbúnaðar og útkallstíma skuli háttað við eldsvoða. Verði útkallstími of langur skal viðbúnaður, þ.e. mannaflí, tækjakostur og jafnvel fjöldi slökkvistöva, aukinn. Aðgerðir sem lengja þennan tíma geta því bæði orðið til þess að árangur slökkviliðsins verður lakari og valdið slökkviliði og þar með sveitarfélögunum umtalsverðum kostnaði í náinni framtíð.

Áhyggjur mínar vegna útkallstíma beinast ekki aðeins að einstökum götum á lykilstöðum í gatnakerfinu heldur einnig því að margar hraðahindranir teyja verulega fyrir neyðarakstri, auk þess sem langar raðir bíla myndast oft á morgnana og síðdegis. Slíkt ástand getur varað í allt að einn og hálfan klukkutíma og bifreiðir í forgangsakstri þurfa við slíkar aðstæður að ryðjast á milli teppra akreina.

Ég hvet því eindregið til þess að við áframhaldandi þróun gatnakerfis í borginni verði leitast við að tryggja viðunandi útkallstíma viðbragðsaðila og að þrengingum gatna verði t.d. mætt með stýringum götuljósa til að losa stíflur og greiða lífbjörgun leið. Jafnframt óska ég eftir því að áfram verði haft fullt samráð við slökkvilið vegna aðgerða sem hugsanlega hafa áhrif á útkallstíma liðsins og óskað eftir umsögnum hvað slíka breytingar varðar. Ég hef fullan skilning á þeirri viðleitni að tryggja umferðaröryggi í borginni og styð hana heilshugar. Það er von mín að hægt verði að fara leiðir í þessum efnum sem ná þeim markmiðum án þess að þær skerði viðbragðstíma björgunarliðs sem oftast er í kapphlaupi við allt of lítinn tíma.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Samrit:

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, skipulagsnefnd Kópavogs, skipulagsnefnd Garðabæjar, skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarness, skipulagsnefnd Mosfellsbæjar.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is